

Gátlisti fyrir fagaðila í raunfærnimati

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, janúar 2012

a. Lög, reglugerð og ábyrgð	
Hvað ?	Ábendingar FA
Á hvaða lögum og reglum byggir raunfærnimat?	Meginstoðin er í lögum um framhaldsfræðslu, lög númer 27/2010 og reglugerð um framhaldsfræðslu númer 1163. Þar er fjallað um markmið, inntak og framkvæmd raunfærnimats. Einnig er grein í framhaldsskólalögum (92/2008) sem kveður á um rétt nemenda sem innritast í framhaldsskóla, að raunfærni hans sé metin.
Hvaða kröfur eru gerðar til þín sem fagaðila?	Í reglugerð kemur fram að fagaðilar skulu hafa aflað sér fullnægjandi þekkingar og þjálfunar í mati á raunfærni samkvæmt kröfum mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Í handbók Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins er lögð áhersla á eftirfarandi þætti <ul style="list-style-type: none"> • Viðeigandi fagleg þekking • Þekking á ferli sem notað er við raunfærnimat • Færni í viðtalstækni og samskiptum • Færni í fjölbreyttum og uppbyggjandi matsaðferðum • Hlutleysi í mati og jákvætt viðhorf gagnvart raunfærnimati
Ábyrgð á niðurstöðum Fagaðili	Fagaðili (sá sem framkvæmir matið) er ábyrgur fyrir niðurstöðum og þarf að geta fært rök fyrir henni.
Ábyrgð á niðurstöðum Stýrihópur	Í reglugerð kemur fram að fræðsluaðilar sem annast raunfærnimat skuli koma á laggirnar sérstökum stýrihóp fyrir hverja námsgrein, starfsgrein eða starfsgreinaflokk. Stýrihópur beri sameiginlega ábyrgð á að niðurstöður raunfærnimats séu réttmætar og gildi á vinnumarkaði og í skólakerfi óháð staðsetningu. Því má telja eðlilegt að þessi hópur beri ábyrgð á að velja fagaðila og meta frammistöðu þeirra.
Þróun á raunfærnimati og fræðsla, hlutur Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins	Í þjónustusamningi milli Mennta og menningarmálaráðuneytisins og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins 24. nóvember 2010 er ákvæði um að hlutverk FA vegna raunfærnimats sé að: Tryggja þróun og útbreiðslu raunfærnimats og fylgjast með framkvæmd þess, og veita starfandi fagfólki þjálfun og endurgjöf.
Fræðsla og ráðgjöf hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins	FA heldur námskeið fyrir fagaðila, verkefnastjóra og ráðgjafa auk þess að veita ráðgjöf til framkvæmdaaðila. Nánari upplýsingar um þessa þætti getur þú fengið hjá verkefnastjóra í verkefninu sem þú tekur þátt í.
FA gefur út handbók um framkvæmd raunfærnimats og er hún undirstaðan í námskeiðum FA fyrir verðandi fagaðila, ráðgjafa og verkefnastjóra í raunfærnimati.	

b. Undirbúningur fagaðila fyrir matssamtöl		
Hvað ?	Ábendingar FA	Lokið
Þekking og færni Gátlistar eru undirstaðan í að greina hæfni viðkomandi. Oftast eru þeir byggðir á námsskrám en stundum koma viðmiðin beint úr atvinnulífinu.	Fagaðili þarf að hafa góða þekkingu á viðfangsefninu (áföngum) sem á að meta og treysta sér í samræður um viðfangsefnið. Samræður verða stundum nokkuð djúpar og hluti fagaðila hefur haft orð á því að þekking þátttakenda hafi komið þeim á óvart. Hér sé oftast um að ræða samtal tveggja fagmanna. Ef þú hefur efasemdir um að þú treystir þér í þetta samtal er eðlilegt að láta verkefnastjóra vita af því.	
Færnimappa og sjálfsmat	Áður en matssamtal fer fram átt þú að hafa lesið yfir færnimöppu og sjálfsmat þess sem er að koma í raunfærnimat. Mundu að þessi gögn eru trúnaðarmál og það þarf að meðhöndla þau þannig. Færnimappa og sjálfsmat viðkomandi eru mikilvæg tæki til að gefa þér mynd af þeim sem eru að koma í raunfærnimat. Þar sérðu hvar hann hefur unnið, hvaða verkefnum hann hefur verið að sinna og starfstíma hans í greininni.	
Skipulag og tími matssamtala	Verkefnastjórar sjá í flestum tilfellum um skipulag samtala en gera það að sjálfsögðu í samráði við fagaðila. Það er misjafnt eftir greinum hversu margir fagaðilar þurfa að koma að raunfærnimatinu og hversu mikið er hægt að samþætta áfanga. Lengd viðtala verður þó að taka mið af því hversu lengi þátttakendur og fagaðilar „halda út“. Okkar ráðlegging er að hvert viðtal fari ekki yfir tvo tíma.	
Staðsetning	Áherslur FA eru að skapa þægilegt andrúmsloft og ef fagaðilar vilja nýta tæki og verkfæri sem tengjast viðkomandi starfsgrein sé tekið tillit til þess. Þau auðvelda einnig þeim sem koma í raunfærnimat að sýna fram á sína þekkingu.	
Stuðningsgögn í matssamtali	<ul style="list-style-type: none"> • Færnimappa og sjálfsmat einstaklings • Færnivíðmið sem metið er út frá • Undirspurningar þínar við færnivíðmið • Rissblöð, tafla og skriffæri • Tæki og tól sem tengjast áfanga • Námsbækur, teikningar, ljósmyndir 	
Þessi gátlisti er miðaður við að þú hafir lokið námskeiði um raunfærnimat og/eða lesið leiðarvísir fyrir matsaðila. Hann er því ekki tæmandi.		

C ■ Framkvæmd Mat		
<p>Mikilvægt er að þú sem fagaðili hafir jákvætt viðhorf gagnvart raunfærnimati og sýnir hlutleysi í mati. Framkoma þín og upplagg skiptir miklu máli til að skapa gott andrúmsloft.</p>		
Hvað ?	Ábendingar FA	Lokið
<p>Útfylling á sjálfsmati</p> <p>Tvö kvöld, tveir tímar í senn.</p>	<p>Þegar þátttakendur fylla út sjálfsmat þurfa fagaðilar að vera til staðar. Tilgangur þess er tvíþættur:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Að leiðbeina og útskýra innihald áfanga, orðalag og hugtök sem notuð eru. • Til að kynna þátttakendum og fá grófa mynda af hæfni þeirra. 	
Fjöldi fagaðila í mati	<p>Stundum eru tveir aðilar saman, þá í því skyni að ýta undir samræmd vinnubrögð og/eða til að láta reyna á sem flesta þætti í samtalinu. Einnig er þessi aðferð notuð til að þjálfa upp nýja fagaðila.</p> <p>Ekki er mælt með því að fleiri en tveir fagaðilar séu í hverju matsamtali, það hefur neikvæð áhrif.</p>	
<p>Samtalið</p> <p>Reglugerð: Matsaðferðir miðast við þarfir þátttakenda.</p>	<p>Í samtalshlutanum er ekki gert ráð fyrir að sá sem kemur í mat þurfi að sýna getu sína með framkvæmd. Í flestum tilvikum dugur samtalið til að gefa þér fullnægjandi mynd af hæfni viðkomandi.</p> <p>Það auðveldar samtalið ef sá sem kemur í mat getur handleikið hluti, skoðað myndir, bækur eða teiknað/rissað upp skýringarmyndir.</p>	
Ef ég er ekki viss um niðurstöðu eftir samtali	<p>Ef þú sem fagaðili telur að samtalið gefi þér ekki fullnægjandi mynd af getu einstaklingsins þá getur þú farið í næsta skref sem reynir þá meira á að sá sem kemur í mat sýni getu sína. Þá er viðkomandi boðaður aftur og velja þarf staðsetningu út frá því sem á að gera.</p>	
Val á matstækjum	<p>Áður en matstæki er valið er mikilvægt að skoða hvað á að meta. Eftirfarin atriði eru almennt viðurkennd atriði sem íhuga þarf í þessu samhengi:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Breidd þeirrar þekkingar og færni sem meta á. • Dýpt þeirrar færni sem krafist er. • Tímalegt gildi þekkingar og færni (hvenær var hennar aflað?). • Þarfir einstaklingsins • Skilgreining á því hvaða upplýsingar eru nægjanlegar fyrir fagaðila til að ákveða niðurstöðu mats. <p>Trúverðugleiki þeirra staðfestinga eða þeirrar færni sem einstaklingurinn setur fram.</p>	

Hvað ?	Ábendingar FA	Lokið
Mat	<p>Ef viðkomandi býr yfir a.m.k. 50% jafngildri færni (ef 5 er lágmarkseinkunn í faginu) og farið er fram á í áfanganum, skal skjalfesta áfangann sem Metinn eða Staðinn.</p> <p>Það er hvorki verið að gera meiri eða minni kröfur en í skólakerfinu og kröfurnar miðast við viðkomandi námsskrá.</p>	
Birting á niðurstöðum.	<p>Mikilvægt er að veita endurgjöf um frammistöðu í lok samtals og gefa viðkomandi kost á athugasemdum.</p> <p>Það er mjög sjaldgæft að ágreiningur komi upp um niðurstöðu mats og ef viðkomandi hefur ekki gengið vel þá veit hann af því.</p> <p>Í lok raunfærnimatsverkefnisins fær einstaklingurinn heildaryfirlit yfir allar greinar sem hann hefur staðist og einnig upplýsingar um hvar hann hefur ekki staðist.</p> <p>Í kjölfarið býðst honum ráðgjöf um leiðir til að ljúka námi.</p>	
Varðveisla gagna	<p>Fagaðilar þurfa að skila af sér niðurstöðu þannig að hægt sé að leita í hana síðar til rökstuðnings.</p> <p>Ýmsar leiðir er hægt að nota til að skrá niðurstöður t.d. umsagnir, mati á dýpt og breidd þekkingar og lausnir í raundæmum. Gögn þarf að varðveita í ár.</p>	
Seta ráðgjafa í matsviðtölum	<p>Ráðgjafar eru stuðningsaðilar og gæta réttar þess sem fer í raunfærnimat. FA mælir með að ráðgjafar sitji fyrsta matsviðtal einstaklings en eftir það sé val einstaklingsins hvort ráðgjafi sitji viðtöl.</p>	
<p>Hafðu í huga að meðalaldur þeirra sem koma í raunfærnimat er 35 ár.</p>		

d. Að loknu mati Raunfærnimat	
Hvað ?	Ábendingar FA
Rökstuðningur fyrri niðurstöðu Er hægt að fara fram á annað mat ef ekki er sátt um niðurstöðu Reglugerð no. 1163	Þátttakandi í raunfærnimati á rétt á að fá niðurstöðu endurmetna hjá þeim fræðsluaðila sem ber ábyrgð á matinu og þarf að styðja slíka beiðni ítarlegum viðbótargögnum. Það eru fagaðilar sem eru ábyrgir fyrir niðurstöðum og veita skýringar. Á þetta ákvæði hefur ekki reynt t.d. hvað eru ítarleg gögn. Ef slík beiðni kemur fram er það á ábyrgð viðkomandi fræðsluaðila að taka afstöðu til hennar. Eitt af því sem yrði skoðað væru gögn fagaðila um matið.
Meðferð gagna	Gögn sem verða til í ferlinu eru eign þátttakenda og um þau skal ríkja trúnaður. Það er á ábyrgð verkefnastjóra að koma þeim til skila þegar verkefninu er lokið.
Í skóla að nýju	Um 70% af þeim sem ljúka raunfærnimati á móti námsskrá hefja nám. Það er margt sem ræður þeirra vali en eitt af því sem ræður þar miklu eru möguleikarnir (kvöldnám, dreifnám, o.s.f.) sem viðkomandi skóli býður upp á til að ljúka námi. Í mörgum tilvikum skapast tengsl milli fagaðila og þess sem fór í raunfærnimat. Þú mátt því gera ráð fyrir að sumir muni leita til þín um ráð.
<p>Ávinningur skóla sem taka þátt í raunfærnimatsverkefnum eru nemendur með reynslu úr atvinnulífinu og skýr markmið. Hefur í flestum tilvikum jákvæð áhrif á menningu og tengir nám betur við vinnustaði.</p> <p>Leiðir til að ljúka námi með fullri vinnu hafa áhrif á hvaða skólar verða fyrir valinu að loknu raunfærnimati.</p>	